

Aðalfundur landssamtaka skógareigenda



Ágætu skógareigendur.

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda verður haldinn á Hvolsvelli 4. og 5. apríl n.k.

Þátttakendur eru beðnir að tilkynna sig á Hótel Hvolsvöll í tölvupóstfangið hotelhvolsvollur@simnet.is

eða í síma 487 8050. Kostnaður á mann í tvær nætur í tveggja manna herbergi er kr 13.550.- á mann

og 18.550.- í eins manns herbergi. Innifalið er allur fundarkostnaður, gisting, morgunmat, kaffi, kvöldmat,

hádegismatur, hátíðarkvöldverður og ferð í Haukadal.

Kostnaður við fagráðstefnu í skógrækt sem haldin er 3. og 4. apríl á Hvolsvelli er ekki innifalinn í þessu verði.

Dagskrá aðalfundar LSE:

Föstudagur 4. apríl

16:00 Fundur settur í Hvolnum Hvolsvelli.

16:15 Kosnir starfsmenn fundarins.

16:15 Mál lögð fyrir fundinn.

17:00 Nýjar áherslur í skógrækt – brunavarnir í skógi/erindi og umræður.

18:00 Skipað í nefndir fundarins og málum vísað til nefnda.

18:15 Fundi frestað. Nefndir hefja störf.

19:30 Kvöldmat.

20:30 Framhald nefndarstarfa.

20:30 Hvolsvöllur - Menning og saga. Ætlað mökum fundarmanna og öðrum

fundargestum sem hafa lokið nefndarstörfum.

Laugardagur 5. apríl

08:00 Morgunverður.

09:00 Framhald aðalfundar. Skýrsla stjórnar.

09:45 Ávörp gesta.

Kaffi.

10:30 Nefndir skila álitum.

11:15 Kosningar:

- Tveir menn í stjórn,
- þrjú menn í varastjórn,
- tveir endurskoðendur.

11:30 Önnur mál.

12:00 Fundarlok.

12:15 Hádegismatur.

13:00 Ferð í Haukadal - skógarskoðun, grill, söngur.

- Fararstjórar um sveitir: Hallur Björgvinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Björn B. Jónsson.

- Leiðsögn í Haukadal: Böðvar Guðmundsson og Hallur Björgvinsson.

19:00 Komið á Hvolsvöll.

19:45 Fordrykkur í Sögusetrinu.

20:15 Árshátíð skógarbænda.

Veislustjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason.

Tillaga að lagabreytingu: Stjórn LSE leggur fram tillögu um breytingu á lögum samtakanna þannig að síðasta setning í 4. grein laganna, „Kosningar skulu vera skriflegar“ falli niður.

Stjórnin telur eðlilegra að framkvæmd kosninganna sé í höndum fundarins.

Nánari upplýsingar um aðalfundinn eru veittar á netfanginu bjorn@sudskogur.is eða í síma 480 1800.

Fagráðstefna í skógrækt: Þriðja og fjórða apríl n.k. verður haldin fagráðstefna í skógrækt á Hvolsvelli.

Mörg áhugaverð erindi verða flutt um skógrækt og tengd málefni. Skógareigendum er bent á að

kynna sér vel dagskrá ráðstefnunnar á heimasíðu Suðurlandsskóga <http://www.sudskogur.is>.

Sérstaklega er bent á áhugaverð erindi fyrir skógarbændur á föstudeginum.